



Reykjavík, 14. apríl 2026
USK26010125

Knarrarvogur 2 – vegna byggingarleyfisumsóknar

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 14. apríl 2026 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 10. mars 2026 þar sem sótt er um byggingarheimild til að fjarlægja geyma, lagnir og annað sem tilheyrir bensínstöð Atlantsólú á lóð nr. 2 við Knarrarvog.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Götumynd tekin á já.is


Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin og byggingin á Knarrarvogi 2 borgarhluta 4. Laugardalur og er hluti af miðsvæði M19 – Knarrarvogur.

Deiliskipulag/ Hverfisskipulag: Ekkert deiliskipulag er í gildi og skal grenndarkynna allar byggingarleyfisskyldar framkvæmdir. Þar sem ekki er í gildi deiliskipulag fyrir svæðið þarf að skoða erindið út frá byggðarmynstri, fagurfræðilegum áherslum og fordæmisgildi.

Umsögn

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa á byggingarleyfisumsókn Atlantsólú ehf. þar sem sótt er um leyfi til að fjarlægja geyma, lagnir og annað sem tilheyrir bensínstöð Atlantsólú við Knarrarvog.



Afstöðumynd meðfylgjandi umsókn sýnir staðsetningu bensíndælanna á lóðinni.

Bensíndælur Atlantsólú sem um ræðir eru staðsettar á lóðinni við Knarrarvog 2 sem er hluti af miðsvæði M19 – Knarrarvogur. Um miðsvæði M19 segir í aðalskipulagi Reykjavíkur 2040:

Einkum gert ráð fyrir verslun og þjónustu, skrifstofum, stofnunum og íbúðum, einkum á efri hæðum. Léttur iðnaður er einnig mögulegur. Hótel og gististarfsemi er heimil. Matvöruverslun er heimil.

Í aðalskipulagi segir m.a. um bensínstöðvar í kafla 19.6. *Sérstök ákvæði um bensínstöðvar og orkustöðvar* :

Bensínstöðvum verði markvisst fækkað innan Reykjavíkur á næstu árum, í takti við sýn Aðalskipulags Reykjavíkur um þéttari og blandaðri borgarbyggð, gæði byggðar, sjálfbæra borgarþróun, breyttar ferðavenjur og orkuskipti í samgöngum. Stefnt er að 50% fækkun dæla með jarðefnaeldsneyti fyrir árið 2025, sbr. Loftslagsstefna borgarinnar og landrýmispörf þeirra minnki a.m.k. 50%. Markviss fækkun bensínstöðva er einnig í samræmi við Loftslagsstefnu ríkisstjórnarinnar og markmið um að nýskráning bensín og dísilbíla verði óheimil eftir 2030.

Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við niðurrif bensíndæla, lagna og annars sem tilheyrir bensínstöð Atlantsólú við Knarrarvog þar sem það samræmist markmiðum aðalskipulags Reykjavíkur 2040 um markvissa fækkun bensínstöðva.

Niðurstaða

- Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið þar sem það samræmist markmiðum aðalskipulags Reykjavíkur 2040, sbr. umsögn.
- Ath. að ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir svæðið og því skal grenndarkynna allar byggingarleyfisskyldar framkvæmdir.
- Förgun og meðhöndlun úrgangs skal samræmast lögum um meðhöndlun úrgangs.



f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Jarprúður Iða Másdóttir

verkefnastjóri



Reykjavík